

218/19

- Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 2. maí 2005 kl. 12:00 á skrifstofu Höfðahrepps. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Uppsögn frá Bryndísi B. Guðjónsdóttur
  2. Erindi U.S.A.H.
  3. Fundargerð Hollvinasamtaka H.S.B.
  4. Erindi Textílseturs Íslands
  5. Erindi Helga Arnarsonar
  6. Önnur mál.
1. Bréf frá Bryndísi B. Guðjónsdóttur dags. 10. mars s.l. þar sem hún segir upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri héraðsnefndarinnar. Héraðsráð þakkar Bryndísi vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í störfum sínum. Samþykkt að vísa málinu til fundar héraðsnefndar síðar í dag.
  2. Erindi frá U.S.A.H. þar sem sambandið óskar eftir að héraðsnefndin styrki starfsemi sambandsins fyrir hönd sveitarfélaganna. Erindinu er vísað til héraðsnefndarfundar.
  3. Lögð fram fundargerð Hollvinasamtaka H.S.B. frá 14. mars.
  4. Erindi Textílseturs Íslands þar sem óskað er eftir að Textísetrið fái aðstöðu fyrir starfsemi sína í Kvennaskólanum á Blönduósi. Samþykkt að óska eftir fundi með formanni Textílsetursins um málið.
  5. Helgi Arnarson óskar eftir að kaupa húsið að Árbraut 35 á Blönduósi. Málið verður lagt fyrir héraðsnefndarfund.
  6. Önnur mál

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 13:20.

-----  
Valgarður Hilmarsson

-----  
Jóhann Guðmundsson

-----  
Magnús B. Jónsson